



Reglur um hjól, hlaupahjól og bifhjól

Reiðhjól

Yngsta stig

Nemendur í 1. – 4. bekk mega mæta á hjóli í skólann. Notkun reiðhjóla er bönnuð á skólatíma. Nemendur geta ekki verið að hjólum í frímínútum. Nemendur eiga að vera með hjálm.

Hjól má ekki geyma inni í skólanum. Foreldrar eru beðnir að hafa í huga að ekki eru hjólagrindur fyrir öll hjól og því ekki tryggt að barn geti læst hjóli sínu í hjólagrind við skólann. Skólinn ber ekki ábyrgð á hjólum nemenda.

Mið- og unglíngastig

Nemendur í 5. – 10. bekk mega mæta á hjóli í skólann. Notkun reiðhjóla er bönnuð í frímínútum. Nemendur mega hjóla í íþróttahúsið við Strandgötu og í sund í Suðurbæjarlaug. Nemendur eiga að vera með hjálm.

Hjól má ekki geyma inni í skólanum. Foreldrar eru beðnir að hafa í huga að ekki eru hjólagrindur fyrir öll hjól og því ekki tryggt að barn geti læst hjóli sínu í hjólagrind við skólann. Skólinn ber ekki ábyrgð á hjólum nemenda.

Hlaupahjól (hefðbundin og rafmagnshlaupahjól)

Yngsta stig

Nemendur í 1. – 4. bekk mega mæta á hlaupahjóli í skólann. Notkun hlaupahjóla er bönnuð á skólatíma. Nemendur geta ekki verið að hlaupahjólum í frímínútum. Nemendur eiga að vera með hjálm.

Hlaupahjól má ekki geyma inni í skólanum. Foreldrar eru beðnir að hafa í huga að ekki eru hjólagrindur fyrir öll hjól og því ekki tryggt að barn geti læst hjóli sínu í hjólagrind við skólann. Skólinn ber ekki ábyrgð á hlaupahjólum nemenda.

Mið- og unglíngastig

Nemendur í 5. – 10. bekk mega mæta á hlaupahjóli í skólann. Notkun rafmagnshlaupahjóla er bönnuð í frímínútum. Notkun hlaupahjóla er einnig bönnuð í frímínútum **nema** á einum malbikuðum velli við skólann. Nemendur mega fara á hlaupahjóli í íþróttahúsið við Strandgötu og í sund í Suðurbæjarlaug. Nemendur eiga að vera með hjálm.

Hlaupahjól má ekki geyma inni í skólanum. Foreldrar eru beðnir að hafa í huga að ekki eru hjólagrindur fyrir öll hjól og því ekki tryggt að barn geti læst hjóli sínu í hjólagrind við skólann. Skólinn ber ekki ábyrgð á hlaupahjólum nemenda.

Bifhjól

Létt bifhjól í flokki 1

Um er að ræða bifhjól sem geta náð allt að 25 km hraða á klst. Nemendur sem eru 13 ára og eldri er heimilt að koma á slíku hjóli í skólann. Notkun hjólanna er bönnuð á skólalóð. Skólinn ber ekki ábyrgð á bifhjólum nemenda.

Létt bifhjól í flokki 2

Létt bifhjól í flokki II, oft kallaðar skellinöðrur, eru vélknúin ökutæki á tveimur eða þremur hjólum sem ná ekki meiri hraða en 45 km/klst. Til þess að aka þeim þarf ökumaður að vera orðinn 15 ára og að vera með ökuþróf – B-réttindi eða AM-réttindi.

Nemendur sem eru 15 ára eða eldri er heimilt að koma á slíku ökutæki í skólann. Notkun bifhjólsins er bönnuð á skólalóð. Skólinn ber ekki ábyrgð á bifhjólum nemenda.

Uppfært 4. maí 2021